

Starfsgreinaráð	Starfsgreinaráð rafiðngreina	
Starfsheiti	Rafveituvirki	Löggilt iðngrein
Dagsetning	01.07.2020	
Útgáfunúmer	1.0	

Starfálýsing:

Rafveituvirki starfar við uppsetningu, viðhald og viðgerðir lagna og búnaðar til flutnings og dreifingar raforku frá framleiðslu til notkunar. Hann starfar við lagningu flutnings-og dreifikerfa og eftirlit með þeim í samræmi við gildandi reglugerðir og staðla. Hann hefur sérhæfða þekkingu í lestri hönnunarteikninga og verklýsinga fyrir flutnings-og dreifikerfi og getur magntekið og unnið verkáætlanir eftir þeim. Rafveituvirki vinnur við háspennuvirki og lagningu háspennulagna bæði í lofti og jörð og þekkir vel til burðarþols og búnaðar er varðar lagningu þeirra. Hann notarviðeigandi mælitæki við störf sín og framkvæmir einfaldar bilanaleitir og viðgerðir í rafveitukerfum. Hann þekkir til rafbúnaðar, rafvéla, iðntölvustýringa og stýribúnaða sem snerta rafveitukerfi. Rafveituvirki býr yfir hæfni til að vinna sjálfstætt og getur leiðbeint öðrum. Hann þekkir til samskipta við landeigendur og umhverfismála, hann vinnur ávallt samkvæmt gildandi öryggisstöðlum.

Hæfnikröfur:

Starfar við flutnings-og dreifikerfi í samræmi við gildandi reglugerðir og staðla og annast uppsetningu og viðhald hvers konar rafbúnaðar við flutnings-og dreifikerfi.

Gætir að burðarþoli og notkun réttis búnaðar við lagningu flutnings-og dreifikerfa í lofti og jörð. Hann notar viðeigandi jarðbindingar og þekkir mikilvægi jarðbindikerfa.

Les hönnunarteikningar og verklýsingar vegna lagningar flutnings-og dreifikerfa og uppsetningu rafbúnaðar þeim tengdum.

Hann framkvæmir einfalda bilanaleit og viðheldur rafbúnaði og útskýrir virkni hans, magntekur og vinnur verkáætlanir.

Hefur grunn tölvuþekkingu á vélbúnaði og hugbúnaði og þekkir helstu hugtök er varða útlýsingu og þá tækni og vinnuaðferðir sem þar eiga við.

Notar viðeigandi mælitæki við störf sín og framkvæmir einfalda bilanaleit og viðgerðir í flutnings-og dreifikerfum.

Tryggir öryggi og viðhefur viðeigandi varnarráðstafanir og varast hættur í vinnu við flutnings-og dreifikerfi í rekstri og í spennulausum kerfum.

Þekkir vel til áhættugreininga verka vegna vinnu við háspennuvirki og lagningu og rekstur lág-og háspennukerfa.

Þekkir afleiðingar rafmagnsslysa og getur brugðist við þeim. Hann þekkir eftirlitsstofnanir og hlutverk þeirra vegna eftirlits og öryggismála.

þekkir umhverfismál og viðeigandi umgengni um landið og samskipti við landeigendur. Hann staðsetur dreifi-og flutningskerfi samkvæmt kortum og GPS mælingum.

Ber ábyrgð á eigin starfsþróun, er fær um að tileinka sér nýjungar og hagnýta þá þekkingu í starfi.

Sýnir fagmennsku og siðferðisvitund og starfar í samræmi við siðareglur greinarinnar og vinnustaðarins.

Hann tjáir sig af öryggi, munnlega og skriflega, s.s. með verkdagbókum, vinnuseðlum og skýrslum.

Vinnur sjálfstætt, metur eigin getu og forgangsraðar viðfangsefnum, greinir hvaða aðferðir eiga við hverju sinni og rökstyður þær aðferðir sem hann notar.

Leiðbeinir öðrum, sýnir leikni í samstarfi og samskiptum við samstarfsfólk og tekur fullt tillit til þarfa viðskiptavina og aðstæðna.

Þekkir skipulag og uppbyggingu fyrirtækja og stofnana rafiðnaðarmanna og gerir grein fyrir hlutverki þeirra.